

Spark of life – lífsneisti

Hugmyndafræðingurinn á bak við **Lífsneistann** er Jane Varity. Hún er stofnandi og framkvæmdastjóri “Dementia Care Australia”, sem er ráðgjafarfyrtæki fyrir fólk með heilabilun, aðstandendur þeirra og starfsfólk í öldrunarþjónustu.

Nálgun Lífsneistans fellur mjög vel að bæði hugmyndafræði Eden Alternative og einstaklingsmiðaðri umönnun, hugmyndafræði Tom Kitwoods, sem er sérstaklega miðuð að þörfum fólks með heilabilun

Á Fossheimum hafa verið svokallaðir lífsneista dagar í nóvember. Á þeim dögum þá klæðist starfsfólkið upp í skrautleg föt og jafnvel búninga. Lífsneistinn eða það sem kallast á ensku „spark of life“ er viðurkennd meðferð sem getur reynst góð fyrir fólk með heilabilun.

Lífsneistinn er ekki skemmtiprógram fyrir gamla fólkið, þó svo að skemmtunargildið sé svo sannarlega til staðar. Markmiðið er að bæta andlega líðan og ná fram getu fólks sem virðist horfin.

Fram hefur komið að með þessari nálgun er hægt að ná betri athygli hjá einstaklingum, þeir geta tjáð sig betur og fundið betur fyrir nálægð og samveru við aðra manneskju. Sumir einstaklingar hafa sýnt miklar framfarir, svo sem talað, hlegið og sungið eftir langa þögn og gengið eftir langa setu.

Frumraun okkar á Fossheimum var í fyrra, í nóvember 2010. Vikan heppnaðist mjög vel og starfsfólkið var ekki feimið við að mæta til vinnu í alls konar múnderingum. Það var ómæld gleði sem ríkti jafnt hjá starfsfólki og heimilisfólki. Við urðum helst varar við nánari samskipti við einstaklinga og aukna gleði hjá flestum.

Þetta sýnir og sannar mikilvægi þess að hafa umhverfi sem einkennist af lifandi og litríku fólki, tónlist, bjartsýni og gleði.